

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Ríkisútvarp nr. 260 1. nóvember 1972.

1. gr.

24. gr. orðist svo:

Innheimta skal árlegt afnotagjald Ríkisútvarpsins hjá þeim sem hagnýta sér útsendingar þess. Gjald þetta skal greiða af hverju sjónvarpsviðtæki og vera mismunandi hátt eftir því hvort tæki er gert fyrir móttöku sjónvarps í lit eða eingöngu í svart/hvítu.

Sá aðili, sem hefur sjónvarpsviðtæki á leigu eða að láni, skal greiða afnotagjald Ríkisútvarps, en heimilt er að krefja skráðan eiganda um gjaldið, ef vanskil verða.

Sjúkrahús, heilsuhæli, vistheimili, dvalar- og elliheimili og sjúkradeildir slíkra stofnana, gistihús og skólar, skulu greiða hálf afnotagjald af hverju aukasjónvarps-tæki í samfellðri notkun í eigu stofnunar. Vismenn dvalar- og elliheimila með eigin viðtæki í notkun þar, greiði ekki útvarpsgjöld af þeim.

Af viðtækjum í skipum skal greiða í samræmi við almennar reglur. Af viðtækjum í skipum í millilandasiglingum skal greiða hálf afnotagjald. Af viðtækjum í fiski-skipum, sem um lengri tíma veiða á fjarlægum miðum, er heimilt að lækka gjald með hliðsjón af þeim aðstæðum.

2. gr.

25. gr. orðist svo:

Notandi hljóðvarps, sem ekki greiðir afnotagjald samkvæmt 24. gr., skal greiða hljóðvarpsgjald af hljóðvarpsviðtækjum sem hér segir:

1. Af einu viðtæki á heimili hverju, þó að fleiri séu þar í notkun. Með heimili er átt við íbúðarhúsnæði, sem hljóðvarpsnotandi býr í sjálfstætt, einn eða ásamt fjölskyldu sinni. Það tekur meðal annars til þess, er hljóðvarpsnotandi býr einn í leiguherbergi og sömuleiðis til einstaklinga, sem atvinnu stunda eða eigi eru á framfæri annarra, þó að þeir séu í fæði hjá húsráðanda eða öðrum. Í því sambandi, sem hér ræðir um, telst sumarbústaður hluti af heimili. Ef viðtæki er notað með leiðslum til annarra heimila, telst hvert heimili hljóðvarpsnotandi, sem þannig hagnýtir sér hljóðvarp ríkisins.
2. Af einu viðtæki í stofnun hverri. Ef stofnun greinist í deildir, skal greiða gjald fyrir hljóðvarpsafnot í hverri deild um sig.
3. Af viðtækjum í skipum.
4. Viðtæki í einkabifreiðum telst heimilisviðtæki notanda. Af viðtækjum í öðrum bifreiðum og vélknúnum ökutækjum skal greiða fullt gjald.
5. Greiða skal afnotagjald af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í talstöðvartækjum.
6. Sjúkrahús, heilsuhæli, vistheimili, dvalar- og elliheimili og sjúkradeildir slíkra stofnana, gistihús og skólar greiði gjald af hverju hljóðvarpsviðtæki, en ekki línun frá þeim til annarra vistarvera. Starfsfólk, sem býr í slíkum stofnunum,

greiði gjald eftir almennum reglum. Það teljast sjálfstæð hljóðvarpsnot, ef hljóðvarp er tengt með línu til vistarvera starfsmanna þessara frá viðtæki í eigu stofnunarinnar.

3. gr.

26. gr. orðist svo:

Gjalddagar afnotagjalda Ríkisútvarpsins eru 1. mars og 1. september. Ríkisútvarpinu skal heimilt að fjölga gjalddögum í fjóra.

4. gr.

27. gr. orðist svo:

Nú hefur gjaldandi ekki greitt afnotagjald innan 21 dags frá gjalddaga þess, og leggst þá við gjaldið 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu og annar kostnaður af vanskilum.

Dráttarvextir reiknast mánaðarlega frá og með næstu mánaðamótum eftir eindaga.

5. gr.

28. gr. orðist svo:

Tilkynna skal Ríkisútvarpinu skriflega uppsögn á sjónvarps-/hljóðvarpsnotum. Gjaldskylda fellur niður, þegar tilkynning berst Ríkisútvarpinu. Lækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins vegna tímabundinnar innsíglunar viðtækis er því aðeins veitt að innsíglun vari í þrjá mánuði hið skemmsta.

6. gr.

30.—35. gr. verða framvegis 29.—34. gr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarps.

Afnotagjöld Ríkisútvarps fyrir síðari helming árs 1980 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarps fyrir móttöku sjónvarps í lit	kr. 41 200
Afnotagjald Ríkisútvarps fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu —	32 800
Hljóðvarpsgjald	— 10 700

Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1980.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.